

Reglugjörð

95
29. júlí

fyrir Árnæssýslu um hreinsun hunda af bandormum.

1. gr.

I hverjum hreppi sýslunnar skal hreppstjóra falið að annast um hreinsun hunda af bandormum.

2. gr.

Hreinsun allra hunda í sýslunni skal fara fram einu sinni á ári, í nóvembermánuði. Hvenær hreinsunin skuli fara fram á hverjum stað, ákveður hreppstjóri fyrirfram og tilkynnir hlutadeigendum skriflega með nægum fyrirvara.

3. gr.

Heimilt er hreppstjóra, að setja áreiðanlegan mann í sinn stað til þess að framkvæma hundahreinsunina í sveitinni; má enginn skorast undan því, nema gild forföll valdi. Hreppstjóra er heimilt að skipa svo fyrir, þar sem það virðist haganlegt, að hundar frá fleiri bæjum komi saman á einn bæ til hreinsunarinnar. Fyrirskipunum hreppstjóra ber afdráttarlaust að hlýða.

4. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn 5 grömm af arekaduþti í vatni eða mjólk. Gæta skal þess, að hundinum sje ekki gefin fæða þann dag, er lækningin fer fram, fyren hreinsunin er afstaðin. Eptir að hundunum er gefið inn, skal lækningamaður vera hjá þeim þar til þeir hafa »laxerað«. Ekki má hleypa þeim útúr húsinu fyren eptir 4 klukkutíma. Lækningamaður skal sjálfur hirða allt, sem niður af hundunum kemur, og brenna í eldi. Hesthús skulu notuð til hreinsunarinnar.

5. gr.

Komi bandormar úr hundum við hreinsunina, skulu þeir tafarlaust drepnir að tilhlutun hreppstjóra eða hreinsunarmanns. Sama gildir um hunda, sem bandormar koma úr milli hreinsunartíma.

6. gr.

Nú valda forföll, að hundur komi ekki til hreinsunarinnar á hinum fyrirskipaða hreinsunartíma; skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem því verður viðkomið, færa hann hlutadeigandi hreppstjóra eða hreinsunarmanni til hreinsunar, ella álitast að hafa skotið hundinum undan hreinsun. Hund, sem enginn hirðir um að láta hreinsa, ber hreppstjóra eða hreinsunarmanni að drepa.

7. gr.

Hreppstjórar skulu brýna fyrir mönnum að hirða alla sulli og mein úr sullaveikum skeppnum og brenna í eldi. Ennfremur skulu hreppstjórar brýna fyrir mönnum að láta hunda ekki hafa aðgang að blóðvelli meðan slátrað er, og ekki gefa þeim hrátt slátur.

8. gr.

Hreppstjórar skulu brýna fyrir mönnum að hafa eigi fleiri hunda, en brýnasta nauðsyn ber til, og eigi gamla.

95
29. júlí

9. gr.

Hreppstjóri, eða sá, sem hann hefir sett fyrir sig, til þess að hreinsa hunda, skal baða hundana eptir hverja hreinsun. Skyldir eru hundaeigendur að veita lækningamanni aðstoð við hreinsunina kauplaust.

10. gr.

Hreppstjórar skulu brýna fyrir mönnum, að koma sjer upp hundahúsum eða skýlum, svoað þeir þurfi ekki að hafast við innan um fólk.

Allir hundar skulu merktir með leðurbandi um hálsinn, er glöggt sje merkt með bæjarnafni og brennimarki hreppsins.

11. gr.

Hreppstjóra eða þeim, sem fyrir hann er, ber 30 aura þóknun fyrir hvern hund, er hann hreinsar. Skal það greitt úr sýslusjóði.

12.

Vanræki hreppstjóri eða sá, sem fyrir hann er, að hlýða þessari reglugjörð, varðar það 2—10 kr. sekt eptir málavöxtum. Sje hundi skotið undan hreinsun af ásettu ráði eða hirðuleysi, eða sje hreppstjóra eða þeim, sem fyrir hann er, sýnd óhlýðni eða mótprói við hundahreinsanirnar, varðar það 10—20 kr. sekt um eptir málavöxtum. Brot móti 10. gr. varðar 1—5 kr. sekt. Sektirnar renna að hálfu í sýslusjód, og að hálfu til uppljóstrarmanns.

13. gr.

Hreppstjórar skulu árlega rita í hundahaldsbókina skrá yfir alla hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra hunda, sem teknir hafa verið til hreinsunar frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefnd inni skýrslu samhljóða bókinni.

14. gr.

Reglugjörð fyrir Árnessýslu um lækningu hunda af bandormum o. fl. 20 júlí 1894 er úr gildi numin.

Framanritaða reglugjörð hefir sýslunefndin í Árnessýslu samið og samþykkt á aðalfundi sínum 12.—16. apríl 1904.

Skrifstofu Árnessýslu 29. júlí 1904.

Sigurður Ólafsson.

96

Reikningur

yfir tekjur og gjöld hins almenna kirkjusjóðs árið 1903.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. ári:	Kr. a.	Kr. a.
a. Lán	41411 37	
b. Á vöxtum í Landsbankanum	12481 86	
c. Í peningum	407 93	54301 16